



## AFSTÖÐUMYND

mkv: 1 : 500

## BYGGINGARLÝSING

### A. ALMENNT

Móbergsskaró 16

Landnúmer er 225461.

### B. STARFSEMI OG NOTKUN

Um er að ræða þrjú íbúðir á einni hæð að hluta og á tveimur hæðum að hluta. Burðarvirki húss er staðsteypt, einangrað og klætt að utan. Allar þrjár íbúðir eru með samskonar herbergjaskípan, að undanskilinni íbúð 0102 þar sem hún er með þremur svefnherbergjum. Í íbúðum er anddyri, eldhús og stofa sem mynda alrými til suðurs. Innan íbúðar eru einnig fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Bilgeymsla fylgir hverri íbúð með bilastæði fyrir einn bíl. Geymslurými er innan bilgeymslu.

### C. HELSTU STÆRÐIR

Botn	80,6 m <sup>3</sup>
1. hæð	402,9 m <sup>2</sup> 1010,1 m <sup>3</sup>
2. hæð	151,4 m <sup>2</sup> 435,1 m <sup>3</sup>
Samtals	554,3 m <sup>2</sup> 1445,2 m <sup>3</sup>

### D. STÆRÐ LÓÐAR OG NYTINGARHLUTFALL

Lóðarstærð: 1292,5 m<sup>2</sup>  
 Nytingahlutfall 554,3 m<sup>2</sup> / 1292,5 m<sup>2</sup>=0,43

### E. BURÐARVIRKI

Útveggir og berandi innveggir eru staðsteyptir og jámbentir. Botnplata og milliplata eru staðsteyptar milli útveggja. Þakplata er einnig staðsteypt og þakhalli er mótaður í steypu.

### F. UTANHÚSSFRÁGANGUR

Útveggir eru hefðbundnir staðsteyptir veggir einangraðir að utanverðu með 100 mm steinullareinangrun og klæddir áklæðningu á tilheyrandi upphengikerfi. Meginhluti húss er klæddur liggjandi 18/76 klassískri báru í hvítum lit. Til að brjóta ásýnd hússins upp í minni hluta eru veggflötur á úthornum við alrými klæddur sléttri áklæðningu í gráum lit.

Þakfrágangur er viðsnúð þak sem einangrað er með 250 mm Roofmate einangrun, jarðvegssíft og farg ofan á það (hellusteinar eða mól með viðeigandi grófleika, flokkur T). Undir einangrun verður tvöfalt lag af ásoðnum þakpappa sem skal vera í flokki T. Þakfrágangur á þaksvolum er samskonar og frágangur á þaki (viðsnúð þak) en þar er farg hellusteinar sem eru í flokki T, þakhalli skal vera a.m.k. 1:40.

Áklæddir timburluggar, inngangshurðir og svalahurðir verða í gráum lit. Póslúga við aðalhurð skal vera í 100 cm hæð frá jörðu.

### G. HANDRÍÐ INNAN- OG UTANHÚSS

Handrío utanhúss verða úr stáli og galvaniseruð. Hæð handríoa eru 1100 mm að undantöldu stíghandríði innanhúss sem er 900 mm á hæð mælt lóðrétt frá fremstu brú þreps. Hvergi er op á milli rímla meira en 89 mm. Handrío innanhúss eru samskonar og handrío utanhúss

### H. EINANGRUN BYGGINGARHLUTA

Fyrirkomulag einangrunar hússins er í meginatriðum eftirfarandi:  
 Einangrun sökkla og botnplötu er 100 mm polystyren-einangrun (U-gildi 0,4 W/m<sup>2</sup>K).  
 Einangrun útveggja er 100 mm steinullar-einangrun (U-gildi 0,4 W/m<sup>2</sup>K).  
 Þakeinangrun er 250 mm Þrýstieinangrun (Roommate). (U-gildi 0,2 W/m<sup>2</sup>K)  
 Vegið meðaltal varmataps útveggja skal vera undir 0,85W/m<sup>2</sup>.  
 Kólnunartölur skulu vera í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012, grein 13.3.2.

### I. GERÐ INNVEGGJA OG HURÐA

Léttir innveggir eru hefðbundnir gipsveggir á blíkgrind og/eða hlaðnir frauðsteypuveggir.

### J. KERFISLOFT OG KERFISGÓLF

Á ekki við.

### K. LAGNALEIÐIR, UPPHITUN OG LOFTRÆSTING

Öll inntök eru staðsett í bilgeymslu. Húsið er hitað með hefðbundnum miðstöðvarofnum. Neysluvatn og hitalagnir eru lagðar undir plötum eða steypur í milliplötu og eru rör í rör ál-þex lagnir eða sambærilegar vottaðar lagnir. Frárennislagnir verða úr plasti og tengjast fráveitikerfi bæjarfélagsins. Ofanvarn bilastæða verður leitt í svelg innan lóðar

Almennt eru rými náttúrulega loftræst um opnanleg gluggafög. Baðherbergi, þvottahús og eldhús eru loftræst vélrænt, sjá nánar verkeikningar lagnahönnuðar.

### L. BRUNAVARNIR

Hæðarskil eru steypit plata með brunamótstöðu ekki lægri en REI-90. Veggir sem aðskilja bilgeymslur frá íbúðum eru steypir og ekki með lægri brunamótstöðu en EI-90.

Flóttaleiðir úr íbúðum 0101 og 0102 á jarðhæð eru um inngangshurð, svalahurð og björgunarop úr svefnherbergjum. Á efri hæð í íbúð 0201 eru tvær óháðar flóttaleiðir, annars vegar niður stíga og út um inngangshurð og hins vegar um svalahurð og út á þaksvallir. Auk þess eru á efri hæð einnig björgunarop á svefnherbergjum ef til þess kemur. Íbúð á efri hæð uppfyllir ekki algilda hönnun og er reiknað með að íbúar þekki aðstæður og geti bjargað sér af eigin rammleik.

Ljósop björgunaropa er a.m.k. 60x90 cm  
 Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd.

### M. HLJÓÐVIST

Hljóðvist verður í samræmi við ÍST 45:2016, kafla 6 um íbúðarhúsnæði. Hljóðvist verður ekki lakari en í flokki C.

### N. ÖRYGGISBUNADUR

Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði fari ekki yfir 65 gr. á celsius. Það skal gert með viðurkenndum öryggisbúnaði neysluvatnskerfa, t.d. varmaskipti eða uppblöðunarloka.  
 Gler sem er nær jörðu en 60cm verður öryggisgler.

### O. TÆKNIBUNADUR

Á ekki við.

### P. ALGILDA HÖNNUN

Íbúð 0102 á jarðhæð hússins er hönnuð samkvæmt kröfum um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.3.h í byggingarreglugerð. Í því felst að þröskuldur/hæðarmunur við inngangs- og svalhurð er minni en 25 mm. Á einu baðherbergi, við hurðir og í þremur svefnherbergi er a.m.k. 1.300 x 1800 mm snúningssvæði eða hægt að koma því við síðar með því að breyta innréttingum. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,8 m og hæð minnst 2,0m. Aðkomuleið af bilastæði inni í íbúð er einnig þrepalaus.

Vegna kótasetningar í deiliskipulagi er halli á aðkomuleið að íbúð 0101 yfir hámarkshalla aðkomuleiðar hjólastóla og því ekki gerð krafa um algilda hönnun í íbúðinni. Íbúð 201 er ekki með 6ll meginrymi á inngangshæð og því ekki gerð krafa um algilda hönnun íbúðarinnar.

### Q. FRÁGANGUR LÓÐAR

Aðkoma að húsi er hellulögð. Verandi/sérafnotafletir eru úr timbri og/eða hellulögð. Gert er ráð fyrir sex bilastæðum á lóð. Lýsing á lóð verður lögstemma og gljúlaus. Snjóbræðslulagnir verða í gangstétt að aðalinnngöngum og í innkerflu. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samræði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sjá nánar grunnmynd 1. hæðar

### R. MEÐHÖNDLUM SORPS

Sorp er flokkað skv. fyrirmælum sveitafélagsins og því skilað í djúpgáma í næstu vistgötu. Sorptunnuskýli á lóð eru til bráðabirgða.

### S. AÐRAR SÉRTÆKAR AÐGERÐIR

EKKI ER UM NEINAR SÉRTÆKAR AÐGERÐIR AÐ RÆÐA.

Byggingarhlutar (húseining, húshluti, byggingarhluti, s.s. gluggar, ofnar og fl.) sem framleiddir eru í verksmiðju eða á verkstæði og ætlað er ákveðið og sérhæft hlutverk í byggingu skulu ávallt bera vottun samkvæmt byggingarreglugerð.

Samþykkt þann  
 31. ÁGÚ. 2022  
 Byggingarfulltrúi / Hlutfarir  
 Helmi Þorsteinsson

BRUNAHÖNNUNUR

ELDVARNAREFTIRLIT

SKÝRINGAR

REI XX	Brunamótstaða
EI 60cm	Brunalokanir
GN	Gólfniðurfall
LR	Loftræsing
NF	Niðurfallsrör
R	Reykskynjari
B.O	Björgunarop
ST	Slökkvitæki
þV	Þvottavél
þU	Þurkari
Upv	Uppvottavél
*	Ísskápur
☉	Gólfkoti á grunnmynd, frágengið gólf
○	Hjólastólahringur

LYKILMYND

BREYTING	DAGSETNING	TEIKN.
e:		
d:		
c:		
b:		
a: Sjá afstöðumynd. Stöðvegg austur á lóð breytt í samræði við aðliggjandi lóð. Sorp fært tillega á austurenda lóðar	2022-08-18	HB

## HAFNARFJÖRÐUR

MÓBERGSSKARD 16

VERK  
 21-628

ADALTEIKNING  
 BYGGINGARLÝSING OG  
 AFSTÖÐUMYND

BLAD  
 A0001

REYKJAVÍK 2021-04-07

BREYTT 2022-08-18

BREYTING a

HANNAÐ lej/shp

TEIKNAD hb/shp

YFIRFARIÐ lej

KVARDI As indicated

BLADSTÆRÐ A1

SAMRÁÐIÐ

HÖNNUNARSTJÓRI

Kt. 090982-3549

TEIKNISTOFA

ARKITEKTA

GYLFI GUDJÓNSSON

OG FELAGAR ehf.

arkitektar faí

VEGMÖLA 2

108 REYKJAVÍK

SÍMI 552 8740

KAUFANGI VÍÐ MYRARVEG 600 AKUREYRI

SÍMI 461 5508

NETFÖNG: teikna@teikna.is

VEFFANG: teikna.is